



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Dags. 4. júlí 2023

Varðar: Umsögn um drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026
Mál nr. 107/2023, menningar- og viðskiptaráðuneytið

Háskólinn á Bifröst fagnar aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu og tekur undir mikilvægi þess að huga að íslenskukennslu barna og ungmenna, fullorðinna innflytjenda og íslenskunema til að mæta breyttum aðstæðum í samfélaginu. Ekki síst teljum við mikilvægt að bæta aðgengi innflytjenda að almennu háskólanámi, auðvelda þeim þannig að aðlagast samfélagslegri og akademískri menningu og auka menntun og atvinnutækifæri þeirra að námi loknu.

Háskólinn á Bifröst hefur lagt áherslu á málefni íslenskunnar og leggjum við okkur fram um að styðja við íslenska tungu. Teljum við hlutverk skólakerfisins mikilvægt í því sambandi. Við tökum undir það markmið að áfram verði unnið að því að styrkja stöðu íslenskunnar í stafrænum heimi sem og að tryggja gott aðgengi að starfstengdu íslenskunámi samhliða vinnu. Sú áhersla kemur vel heim og saman við þær áherslur sem Háskólinn á Bifröst hefur lagt í sínum kennsluháttum og þróun fjarnáms, ekki síst varðandi íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna. Háskólinn á Bifröst lýsir sig því reiðubúinn að koma að útfærslu íslenskunáms fyrir ólíkar starfsstéttir og því mætti tilgreina Háskólann á Bifröst sem samstarfsaðila í aðgerðaáætluninni, lið 1.

Liður 3 felur í sér að þróa eigi rafræn próf í íslensku sem byggja á samevrópska tungumálaráttum. Við fögnum þessu en teljum óþarft að umrætt þróunarstarf einkorðist við Háskóla Íslands einvörðungu eins og gert er ráð fyrir í aðgerðaáætlun, heldur verði þar rými fyrir fleiri. Viljum við gjarnan koma að samstarfi um þennan lið. Skipulag náms í íslensku sem öðru máli við Háskólann á Bifröst tekur nú þegar mið af tungumálaráttum og kennarar okkar útbúa stöðupróf til að meta nemendur á milli getustiga. Teljum við að sú vinna geti nýst í þessu samhengi.

Liður 6 felur í sér þróun á háskólabró, þ.e. að aðgengi að almennu háskólanámi fyrir innflytjendur verði bætt með þróun nýrrar námsleiðar fyrir nemendur sem hafa grunn í íslensku máli en þurfa stuðning til þess að sækja frekara háskólanám á íslensku. Markmiðið sé að auðvelda innflytjendum að aðlagast

samfélagslegri og akademískri menningu og auka menntun og atvinnutækifæri þeirra með þróun nýrrar námsleiðar fyrir innflytjendur.

Hér er vert að vekja athygli á því að Háskólinn á Bifröst hefur á umliðnum árum hannað og þróað sérstaka námsleið af þessum toga sem hefur verið í boði við skólann frá ársbyrjum 2021. Hér þarf að okkar mati ekki að finna upp hjólið á ný, heldur nýta þá þekkingu sem þegar hefur aflast á þessu sviði. Námskrá námsins hefur verið í stöðugri þróun og veitir námið innflytjendum heildstæðan undirbúning fyrir háskólanám á íslensku. Lýsum við okkur reiðubúin til þess að miðla af reynslu okkar og þekkingu af rekstri námsleiðarinnar og erum opin fyrir samstarfi um áframhaldandi þróun námsins.

Þá þykir Háskólanum á Bifröst rétt að hnykkja sérstaklega á mikilvægi þess, að íslenska sem annað mál sé einnig í boði í stafrænu fjarnámi. Með því móti má tryggja aðgengi að náminu hjá þeim útlendingum sem vegna t.a.m. atvinnuþátttöku eða búsetu eiga óhægt um vik með staðbundið nám.


Virðingarfyllst,



Margrét Jónsdóttir Njarðvík,
rektor Háskólans á Bifröst



Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir,
prófessor og deildarforseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst



Anna Jóna Kristjánsdóttir,
forstöðumaður Háskólagáttar og Endurmenntunar Háskólans á Bifröst